

Skólaráð Hörðuvallaskóla

3. fundur skólaársins 2018-2019, haldinn 25.10.2018

Skólastjóri: Ágúst Frímann Jakobsson

Fulltrúar foreldra: Arnar Björnsson, Linda Hilmarsdóttir.

Fulltrúar kennara: Alma Ernstdóttir, Alma Hlíðberg

Fulltrúar nemenda: Guðmundur Daníel Erlendsson, Kolviður Sævar Backman

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Húsnæði og lóð

Framkvæmdum við bókasafn er að ljúka, örlítill frágangur eftir og ekki alveg öll húsgögn komin.

Skrifstofa bókavarðar og tölvuumsjónarmanns er að komast í gagnið, síðasta málningarvinnan í gangi og síðustu húsgögnin væntanleg um mánaðamótin.

Varðandi lóðina er það að segja að framkvæmdum við körfuboltavöll á að ljúka um miðjan nóvember. Beðið eftir slönguspili og pókovállum. Þriggja arma körfur komnar upp, ekki útlit fyrir að körfur komist upp í Vallakór í haust.

Skólaráð ítrekar þörf fyrir körfur við Vallakór og óskar eftir skýringar á því hvers vegna sú framkvæmd frestast. Talin er meiri þörf á körfunum í Vallakór en slönguspili og pókovállum. Skólastjóra falið að senda erindi vegna þessa.

2. Eftirlitsmyndavélar

Unnið er að uppsetningu þriggja véla til viðbótar við þær tvær sem núna eru. Eftir áramót verður svo lokið við að setja upp vélar sem ná að dekkja allt umhverfi skólans í Baugakór.

3. Niðurstöður kannana

Farið yfir niðurstöður lesfimiþrófa í september og fyrstu niðurstöður úr nemendakönnun Skólapúl síns í 6.-10. bekk. Niðurstöður lesfimiþrófanna miðað við landsmeðaltal eru svipaðar og sl. vetur, meðaltal árganga sveiflast rétt yfir og undir landsmeðaltal en eru undir á unglingastigi. Stefnt er að því að nemendur í 6.-10. bekk byrji að taka upp heimalestur sinn tvisvar í viku eftir mánaðamótin og haldið er áfram með lestrarstundir í skólanum. Umræður um aukna eftirfylgd varðandi heimalestur eldri nemenda. Niðurstöður Skólapúl skönnunarinnar eru í heildina tekið góðar eins og áður. Afar ánægjulegt er t.d. að einelti mælist mjög lítið, agi í tímum og virk þátttaka nemenda í kennslustundum fer upp á við o.fl.

4. Foreldrasamstarf – bekkjakvöld

Stefnt er að því að koma á bekkjarkvöldum í sömu viku og atriði eru á sal hjá 1.-7. bekk. Koma þarf upplýsingum um þetta út í fréttabréfi skólans og til bekkjarfulltrúa.

5. Starfsmannahandbók

Frestað til næsta fundar.

6. Erindi frá nemendaráði – félagsaðstaða nemenda

Lagt fram erindi frá nemendaráði þar sem óskað er eftir stærra og betra húsnæði fyrir félagsmiðstöðina / félagsaðstöðu nemenda á unglingastigi í Hörðuvallaskóla. Skólaráð tekur undir áhyggjur nemendaráðs um aðstöðuleysi og óskar eftir lausn til að uppfylla réttmætar kröfur og þarfir nemenda. Skólastjóra falið að senda inn formlegt erindi þar sem fylgir bréf nemendaráðs og lýst er frekar þeim aðstæðum sem uppi eru.

7. Skemmtilegri skólalóðir

Umræður um skólalóðina m.t.t. þess að unnin var heildarúttekt á skólalóðum árið 2016 með áætlun um úrbætur en þar féll Hörðuvallaskóli fyrir utan þar sem hann hafði ekki náð 10 ára aldri. Skólaráð telur þörf á að lóð skólans fái núna sambærilega úttekt sem tekur til beggja kennslustaða. Skólastjóra falið að senda inn erindi vegna þess máls.

8. Önnur mál

a) Tímar unglíngastígs í knattúsi í hádegishléi – þarf að auglýsa betur þannig að allir viti örugglega af því og ýta krökkunum til að nýta sér það. Vísað til umræðu í nemendaráði hvernig hægt er að auka nýtinguna og fá hugmyndir frá nemendum um fjölbreyttari afþreyingarmöguleika.

b) Þrif á skólanum. Erindi frá fltr. kennara þar sem bent er á að þrifum er enn ábótavant t.d. á borðum í kennslustofum þar sem nemendur borða nesti í stofum.